



200 ára afmæli Biblíufélagsins, lifandi félags í 200 ár!

Um það leyti sem móðuharðindin gengu yfir Ísland 1783-1785, ólst lítil stúlka, María Jones að nafni, upp á fátæku heimili í Wales í Bretlandi. Um leið og hún lærði að lesa vaknaði hjá henni löngun til að lesa Biblíuna. Foreldrar hennar höfðu ekki fjármuni til að kaupa handa henni Biblíu en María litla vann sér inn aura með ýmsum snúningum og þrátt fyrir margar hindranir kom að því að hún taldi sig eiga það gildan sjóð að hann nægði fyrir Biblíu. Enginn í þorpinu átti Biblíu svo að María litla þurfti að ferðast langa leið, yfir í annað hérað, til að hitta fyrir prest sem átti Biblíu. En presturinn hafði lofað öðrum eintakinu sem hann átti aukalega af Biblíunni og auk þess nægði það fé sem María hafði safnað alls ekki fyrir andvirði Biblíunnar. Þegar presturinn sá vonbrigði Maríu, þá gaf hann henni Biblíuna og mikið var hún glöð þegar hún gekk heim með nýfengnu Biblíuna sína undir hendinni.

En sagan er ekki öll. Presturinn hafði orðið fyrir miklum áhrifum af þessu litla atviki og hann fór á fund í nýlega stofnuðu Smáritafélagi í London og sagði fundarfólki frá þessari stúlku í Wales og hafði á orði, hvort ekki væri hægt að finna einhver úrræði fyrir fátækt fólk, svo að það gæti eignast Biblíu. Fundarmenn brugðust vel við og sögðu; "Hvers vegna stuðlum við ekki að útbreiðslu Biblíunnar handa öllum í Wales? Eða handa allri þjóðinni, eða bara handa öllum í heiminum?"

Með stofnun Hins breska og erlenda Biblíufélags árið 1804 urðu straumhvörf í útbreiðslu Biblíunnar, þau mestu sem orðið höfðu síðan Biblíuvakning siðbótarinnar hófst með þýðingu og útgáfum Marteins Lúthers á Biblíunni.

Hið íslenska Biblíufélag var stofnað einungis 11 árum síðar, þann 10. júlí 1815 að frumkvæði Skotans Ebenezer Henderson. Það er í dag ekki bara elsta félag landsins, heldur eitt af elstu Biblíufélögum í heiminum. Hið íslenska Biblíufélag hefur haft að markmiði að vinna að útgáfu og útbreiðslu Biblíunnar á Íslandi og stuðla að lestri og almennri notkun hennar. Íslendingar voru á meðal 20 fyrstu þjóða heims sem fengu Biblíuna alla á eigin þjóðtungu. Það var menningarlegt afrek Odds Gottskálkssonar og Guðbrands Þorlákssonar og hafði ómetanlegt gildi fyrir okkur sem þjóð. Á þessu ári verður Biblíufélagið 200 ára. Biblían hefur algjöra sérstöðu í heimi

bókmenntanna. Engin bók hefur náð meiri útbreiðslu en hún og haft víðtækari áhrif á trú, sögu og menningu fjölmargra þjóða um allan heim. Biblían er trúarbók tveggja milljarða manna. Um víða veröld hafa skáld, rithöfundar, myndlistar- og tónlistarmenn í listsköpun sinni sótt hugmyndir til og túlkað boðskap Biblíunnar. Íslendingar og íslensk menning er engin undantekning á því. Árið 2015 höldum við upp á 200 ára afmæli elsta menningarfélagsins á Íslandi – Hins íslenska Biblíufélags. Af því tilefni verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá á árinu sem hægt verður að nálgast á heimasíðu félagsins www.biblian.is

Ragnhildur Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri HÍB